



BETRI  
SAMGÖNGUR

# Staða og framgangur verkefna

Árshelmingsskýrsla desember 2024

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Fjárfestingar .....	4
2.1 Kostnaðaráætlanir .....	6
2.2 Stofnvegir .....	8
2.3 Borgarlínan.....	10
2.4 Göngu- og hjólastígar .....	13
2.5 Öryggi og flæði.....	16
3. Fjármögnun .....	21
4. Innri mál .....	24

# 1. Inngangur

Starfsemi Betra samgangna tók verulegum breytingum á síðari árshelmingi í kjölfar uppfærslu Samgöngusáttmálans. Aukið umfang verkefna og tilfærsla þeirra frá Vegagerðinni til Betri samgangna kölluðu á endurskipulagningu. Markmiðið með breytingunni var að auka skilvirkni, einfalda boðleiðir og færa verkefni nær eigendum sínum.

Líkt og kveðið er á um í Samgöngusáttmálanum ber Betri samgöngum að skila hluthöfum sínum skýrslu á sex mánaða fresti um framgang verkefna og fjármál. Starfandi er stýrihópur skipaður forsætisráðherra, innviðaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, borgarstjóranum í Reykjavíkur og formanni og varaformanni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Tilgangur hans er að tryggja upplýsingaflæði um framgang fjárfestinga og stefnumarkandi mál. Stýrihópurinn kemur einnig að stefnumótandi ákvörðunum er varða fyrirtækið og koma til meðferðar Alþingis og sveitarfélaganna. Í hluthafasamkomulagi segir að stjórn skuli skila skýrslu til stýrihópsins um stöðu og framgang verkefna og er skýrslan gerð að því tilefni.

## 2. Fjárfestingar

Árið 2024 er sjötta ár gildistíma Samgöngusáttmálans. Vinna við uppfærslu hans hófst í mars 2023 og lauk með undirritun 21. ágúst 2024. Í upphaflegum Samgöngusáttmála voru flest verkefni hans á hugmyndastigi en síðan hefur verið unnið við hönnun og undirbúning flestra stærri verkefna hans og grundvöllur áætlanagerðar því mun betri í uppfærðum sáttmála en í upphaflegu útgáfu hans.

Í framkvæmdatöflu uppfærðs Samgöngusáttmála er að finna áætlaðan kostnað og tímabil áætlaðra framkvæmda einstakra verkefna. Við röðun framkvæmda var tekið mið af samþykktu fjárflæði til verkefna sáttmálans, áhrifum framkvæmda á umferðarflæði höfuðborgarsvæðisins og mikilvægi verkefna fyrir bætt staðbundið umferðarflæði.


Árleg fjármögnun og fjárfestingar í verkefnastofnum sáttmálans eru sýndar í meðfylgjandi töflu.

Framlög	2019	2020	2021	2022	2023	1.12.2024	Samtals
Ríkissjóður	2.400.000.000	3.079.883.721	2.488.953.488	2.294.767.442	3.414.765.116	980.825.000	13.678.369.767
Sveitarfélög	1.000.000.000	1.039.941.860	1.094.476.744	1.147.383.721	1.206.395.349	1.346.337.212	6.834.534.886
	3.400.000.000	4.119.825.581	3.583.430.232	3.442.151.163	4.621.160.465	2.327.162.212	20.512.904.653
Framkvæmdir	2019	2020	2021	2022	2023	1.11.2024	Samtals
Stofnvegir	858.007.384	3.417.092.691	312.341.734	763.135.642	1.104.238.155	2.994.085.210	9.448.900.816
Borgarlína	86.430.000	464.565.848	494.260.886	1.451.244.464	1.259.393.957	955.638.316	4.711.533.471
Virkir ferðamátar	198.643.497	426.963.273	819.968.842	699.453.639	589.686.303	237.320.951	2.972.036.505
Öryggi og flæði	262.691.305	253.481.468	348.710.520	224.170.953	502.201.759	619.542.886	2.210.798.891
	1.405.772.186	4.562.103.280	1.975.281.982	3.138.004.698	3.455.520.174	4.806.587.363	19.343.269.683

Fjárfestingar í verkefnastofnum sáttmálans sem hlutfall af áætluðum P50 kostnaði samkvæmt framkvæmdaáætlun uppfærðs Samgöngusáttmála er sýnd á meðfylgjandi skífuritum. Eins og sjá má er heildar kostnaður við undirbúning Borgarlínu kominn í um 3% af áætluðum heildar kostnaði allra sex lota Borgarlínu. Rétt er að hafa í huga að við undirbúning fyrstu lotu Borgarlínu er lagður grunnur að öllum hönnunarforsendum og almennri útfærslu Borgarlínu fyrir allar lotur og því nýtist sú vinna sem lögð hefur verið í undirbúning fyrstu lotu fyrir allar lotur.


Fjárfesting einstaka verkefnastofna er sýnd á meðfylgjandi skífuritum.

Stofnvegir




■ Bókað ■ Eftirstöðvar

Borgarlína




■ Bókað ■ Eftirstöðvar

Virkir ferðamátar



■ Bókað ■ Eftirstöðvar

Öryggi og flæði



■ Bókað ■ Eftirstöðvar

Nánari lýsingu einstakra verkefna má finna í greinargerð uppfærðs Samgöngusáttmála á slóðinni <https://betrisamgongur.is/rikid-og-sex-sveitarfelog-gera-samkomulag-um-uppfaerdan-samgongusattmala/> og í Verksjá Samgöngusáttmála á [www.verksja.is](http://www.verksja.is).

## 2.1 Kostnaðaráætlanir


Við uppfærslu Samgöngusáttmálans var stuðst við alþjóðlega aðferðafræði frá AACE International við gerð og framsetningu kostnaðaráætlana. AACE International eru alþjóðasamtök kostnaðarverkfræðinga og með aðferðafræði samtakanna eru kostnaðaráætlanir flokkaðar í fimm flokka eftir þroska verksgagna og aðferðafræði sem beitt er við gerð kostnaðaráætlana á viðkomandi þroskastigi. Þroskastig verkefna ræðst af þeim verkfræðilega undirbúningi sem liggur að baki á þeim tímapunkti sem kostnaðaráætlanir eru gerðar og eru áætlanir í grunninn flokkaðar í 5 flokka þar sem flokkur 5 er fyrir þau verkefni sem eru minnst undirbúin og því með mestu ónákvæmnina í kostnaðaráætlun á meðan flokkur 1 er almennt fyrir verkefni sem eru full hönnuð og komin í framkvæmd. Eftirfarandi tafla sýnir AACE kostnaðarflokka fyrir byggingar og almennar framkvæmdir og viðmið verkefnaproska mismunandi flokka.

ESTIMATE CLASS	Primary Characteristic		Secondary Characteristic	
	MATURITY LEVEL OF PROJECT DEFINITION DELIVERABLES Expressed as % of complete definition	END USAGE Typical purpose of estimate	METHODOLOGY Typical estimating method	EXPECTED ACCURACY RANGE Typical variation in low and high ranges at an 80% confidence interval
Class 5	0% to 2%	Concept screening	Cost/length factors, parametric models, judgment, or analogy	L: -20% to -50% H: +30% to +100%
Class 4	1% to 15%	Study or feasibility	Cost/length, factored or parametric models	L: -15% to -30% H: +20% to +50%
Class 3	10% to 40%	Budget authorization or control	Semi-detailed unit costs with assembly level line items	L: -10% to -20% H: +10% to +30%
Class 2	30% to 75%	Control or bid/tender	Detailed unit cost with forced detailed take-off	L: -5% to -15% H: +5% to +20%
Class 1	65% to 100%	Check estimate or bid/tender	Detailed unit cost with detailed take-off	L: -3% to -10% H: +3% to +15%

Table 1 – Cost Estimate Classification Matrix for the Road and Rail Transportation Infrastructure Industries

Flest verkefni samgöngusáttmálans voru á skilgreiningar- eða forhönnunarstigi í flokki 5 við undirritun hans og eins og sjá má er nákvæmnin í áætlanagerð á því stigi í lágmarki. Alþjóðlegar reynslutölur sýna að kostnaðarbilið getur verið frá -50% af áætluðum kostnaði upp í +100%. Eftir því sem verkefni eru betur undirbúin eykst nákvæmnin og þau færast milli flokka. Eins og sjá má í kafla 5.1 eru flest verkefni sáttmálans enn á skilgreiningar-, frumdraga- eða forhönnunarstigi og falla því enn í flokka 4 og 5. Við lok verkhönnunar og útboðs verklegra framkvæmda er nákvæmnin alla jafna komin í flokk 2 með -10%/+15% óvissumörkum.

Einn hluti af ráðlagðri aðferðafræði AACE er að á öllum stigum undirbúnings (flokki 5 til 2) er hluti af áætlanagerðinni að áhættugreina kostnaðaráætlanir og reikna út líkindadreifingu kostnaðar með Monte Carlo hermun. Af dreifingunni má lesa P50-gildi sem er líklegasti kostnaðurinn við viðkomandi verkefni. P50 táknar að það séu 50% líkur á að kostnaður verði undir P50-gildi og jafnframt að það séu 50% líkur á að kostnaðurinn fari yfir P50-gildið. P90-gildið táknar á sama hátt að það séu 90% líkur á að kostnaður verkefnisins verði undir P90 og þar með 10% líkur á að kostnaðurinn verði yfir. Í Noregi eru innviðaverkefni eins og verkefni sáttmálans kynnt með P85.



Við uppfærslu kostnaðaráætlana á verkefnum samgöngusáttmálans voru áætlanirnar áhættugreindar og kostnaðardreifingar fengnar með Monte Carlo greiningum. Kostnaðartölur í framkvæmdatöflu á uppfærðum sáttmála eru P50-gildi sem tákna eins og áður líklegasta kostnaðinn en hafa verður í huga að það eru 50% líkur á að kostnaðurinn verði hærri.

## 2.2 Stofnvegir

Stofnvegir	2019-2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035-2040	Samtals
Bæjarháls - Vesturlandsvegur	592													600
Skarhólabraut - Hafravatnsvegur	971													1.000
Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	3.073													3.100
Undirgöng í Kópavogi - skuld														
Norðlingavað - Bæjarháls	240													200
Gatnamót við Bústaðaveg	52		100	100		100	1.700	400						2.500
Reykjanesbraut/Sæbraut - Holtavegur - Stekkjabakki (Sæbrautarstokkur)	354	300	200	400	5.100	6.200	6.200	6.400						25.200
Reykjanesbraut - Álftanesvegur - Lækjargata	116		200	200	200	1.000	2.600	4.600	5.700	5.500				20.100
Arnarnesvegur - Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut	729	2.600	2.600	2.100										8.000
Miklabraut - jarðgöng	222			300	300					1.000	6.000	7.000	39.900	54.700
Miklabraut - bráðabirgðatengingar við Landspítala			100	300	1.000	1.000								2.400
Hafnarfjarðarvegur - stokkur í Garðabæ	3				200				200	600		5.000	6.800	12.800
Stjórnun stofvega	102													100
	6.454	2.900	3.200	3.400	6.800	8.300	10.500	11.400	5.900	7.100	6.000	12.000	46.700	130.700

### S1: Vesturlandsvegur: Skarhólabraut-Hafravatnsvegur

Staða: Verkefninu lauk árið 2022.

### S2: Reykjanesbraut: Kaldárselsvegur-Krýsuvíkurvegur

Staða: Verkefninu lauk árið 2021.

### S3: Suðurlandsvegur: Bæjarháls-Vesturlandsvegur

Staða: Verkefninu lauk árið 2021.

### S4: Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut

Staða: Framkvæmdir við verkið hófust í byrjun september 2023 með undirbúningi á breikkun Breiðholtsbrautar og jarðvinnu í kringum brúarstæði Arnarnesvegur fyrir þverun Breiðholtsbrautar. Helstu verkþættir sem unnið hefur verið við eru frágangur nýrrar akbrautar við Breiðholtsbraut þar sem malbikun er lokið á milli undirganga austan Jafnasels að Vatnsendahvarfi, unnið hefur verið við fyllingar undir Arnarnesveg og gangstíga í Elliðaárdal, klapparskeringar í vegstæði Arnarnesvegur sunnan Breiðholtsbrautar, uppsteypu brúarstöpla brúar yfir Breiðholtsbraut og gerð hljóðmana við Arnarnesveg og Breiðholtsbraut. Þá er nánast lokið vinnu við lagningu stofnæðar hitaveitu Suðuræðar II ásamt tengingu við Suðuræð I við Völvufell, en þessum áfanga var mikilvægt að ljúka til að auka öryggi miðlunar á heitu vatni á höfuðborgarsvæðinu. Ónothæfum lausum jarðefnum sem falla til vegna framkvæmdanna hefur verið ekið í Vetrargarð Reykjavíkurborgar sem er í uppbyggingu þar sem skíðabrekkan er við Jafnasel en þessari vinnu er nú að ljúka. Í apríl var umferð færð á framhjálaup þar sem unnið er við gerð nýrra undirganga undir Breiðholtsbraut á móts við Völvufell, áætlað er að ljúka byggingu undirganganna og frágangi Breiðholtsbrautar þar fyrir árslok og framhjálaupið aflagt. Við Elliðaár er unnið við göngu- og hjólabrú yfir Dimmu, steiptir hafa verið stöplar og gengið frá fyllingum fyrir stígtengingar. Brúin verður byggð úr límtré og er framleiðsla límtrébitanna hafin í verksmiðju Moelven í Noregi. Áætluð verklok Arnarnesvegur eru haustið 2026.

## **S5: Sæbrautarstokkur**

*Staða:* Vinna við forhönnun lauk á öðrum ársfjórðungi 2024 og gert er ráð fyrir að umhverfismatsskýrsla fari í opinbera kynningu nú í kjölfar uppfærslu Samgöngusáttmálans. Skipulagsvinna Reykjavíkur á svæðinu er umfangsmikil, en verður að vera langt komin áður en hægt verður að hefjast handa við verkhönnun og undirbúning útboðs verklegra framkvæmda.

## **S6: Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar**

*Staða:* Reiknað er með að kynningarferli fyrir mat á umhverfisáhrifum hefjist í upphafi árs 2025 og á sama tíma verði forhönnun verkefnisins boðin út. Í byrjun nóvember 2023 var tekin sameiginleg ákvörðun Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar og Betri samgangna um að áframhaldandi hönnun skuli byggð á legu 3. lotu Borgarlínunnar milli Mjóddar og Vogabyggðar í austurkanti Reykjanesbrautar og fyrirbyggjandi hönnun mun byggja á þeirri legu.

## **S7: Reykjanesbraut: Álftanesvegur-Lækjargata**

*Staða:* Útboð á vinnu við samræmingu og yfirferð, endurskoðun og uppfærslu tvennra fyrirbyggjandi frumdragagagna var opnað 28. nóvember. Annars vegar var um að ræða mislægar yfirborðslausnir í núverandi legu Reykjanesbrautar og hins vegar jarðgangalausn frá Lækjargötu undir Setbergshamarinn og að gatnamótum Reykjanesbrautar og Álftanesvegur. Áætluð verklok þessarar vinnu eru um mitt ár 2025 og í lok hennar munu liggja fyrir samanburðarhæfir valkostir og grunnur fyrir ákvarðanatöku um val lausnar til áframhaldandi undirbúnings verkefnisins.

## **S8: Miklubrautarstokkur**

*Staða:* Vinnu við frumdrög lauk í júlí síðastliðnum. Í frumdrögum var gerður samanburður á stökk samkvæmt upphaflegri skilgreiningu verkefnisins frá Kringlu vestur fyrir Snorrabraut annars vegar og jarðgöng sem næðu frá sama stað vestan Snorrabrautar austur fyrir Grensásveg hins vegar með jarðganga tengingum við Kringlumýrarbraut móts við Bústaðaveg. Við uppfærslu Samgöngusáttmálans var tekin ákvörðun um að áframhaldandi vinna byggi á göngum í stað stokks.

## **S9: Garðabæjarstokkur**

*Staða:* Vinna við undirbúning þessa verkefnis er ekki hafin. Við uppfærslu Samgöngusáttmálans var tekið mið af kostnaði við Sæbrautarstokk og Miklubrautargöng við áætlun kostnaðar fyrir Garðabæjarstokkinn.

## 2.3 Borgarlínan

Borgarlína	2019-2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035-2040	Samtals
Ártún - Hlemmur - Hamraborg	3.660	2.600	5.700	6.300	6.200	6.700	6.700	5.400	5.300					48.600
Mjódd - BSÍ	42		100	200			1.000	2.100	2.100		2.000	2.000	7.600	17.100
Fjörður - Miklabraut	32		200						2.100	3.100	7.000	6.700	700	19.800
Ártún - Spöng			100					600	700		4.000	3.800	2.500	11.700
Hamraborg - Lindir			100	300				1.400	1.200	4.400				7.400
Borgarlína um Keldur og Blikastaðaland	16	50	150		310	1.180	2.050	3.600	3.600	4.670	700			16.300
Stöðvar utan sérrýmis lotu 1-6								1.300	1.300	1.100	1.500		1.200	6.400
Undirbúningur verka	6	150	260	260	260			510	510	600	550			3.100
	3.756	2.800	6.610	7.060	6.770	7.880	9.750	14.910	16.810	13.870	15.750	12.500	12.000	130.400

### Lota 1: Ártún-Hlemmur og Hlemmur-Hamraborg

**Staðsetning:** Lota 1 er frá Ártúnshöfða í Reykjavík til Hamraborgar í Kópavogi. Fer um Elliðaárvog, Suðurlandsbraut, Miðborg, Vatnsmýri, Öskjuhlíð, Fossvog og Kársnes.

**Staða:**

- Verið að vinna við tímalínu eftir uppfærslu Samgöngusáttmálans.
- Áframhaldandi hönnunarvinna skipulögð og lotunni skipt í þrjá hönnunarpakka.
  - Hönnunarvinna er þó í gangi á Geirsnefi, brú í Ártúnshöfða, Fossvogsbrú og beggja vegna við hana.
- Fyrsti hönnunarpakki var boðinn út en framkvæmd útboðs er í meðförum kærnefndar útboðsmála.
- Frumdrögum er lokið fyrir utan BSÍ reit sem er í gangi.
- Forhönnun við helming lotunnar er lokið.
- Verkhönnun hefur verið boðin út fyrir Suðurlandsbraut, Laugaveg og Hlemm. Undirbúningur fyrir verkhönnun á Nauthólsvegi og HR-svæði er í fullum gangi. Stefnt er að því að hefja verkhönnun nú í desember. Verkhönnun Fossvogsbrúar og tengingar við Vesturvör og Nauthólsveg er að ljúka og er í hönnunarrýni.
- Framkvæmdir: Búið er að bjóða út framkvæmdir við fyllingar fyrir Fossvogsbrú (Öldu), framkvæmdir eiga að hefjast snemma árs 2025. Stefnt er að framkvæmdaútboði Fossvogsbrúar næsta sumar.
- Matsskýrsla umhverfisáhrifa hefur verið lögð fram til kynningar samhliða breytingu rammahluta aðalskipulags Kópavogs og Reykjavíkur. Er í opnu umsagnarferli fram í janúar 2025.
- Í framhaldi af kynningarferli aðalskipulagsbreytingar mun Reykjavíkurborg setja deiliskipulag Borgarlínu á Laugavegi, Nauthólsvegi, Ártúnshöfða og Suðurlandsbraut í kynningarferli.
- Hönnunar- og framkvæmdaáfangar verkefnisins munu halda áfram að skarast og þannig hefjast verkhönnun og framkvæmdir við ákveðna leggi áður en forhönnun allrar lotunnar lýkur.

Auk framvindu í undirbúningi og afgreiðslu nauðsynlegra skipulagsbreytinga mun tímalína framkvæmda áfram taka mið af öðrum framkvæmdum

Samgöngusáttmálans, takmörkunum á mögulegum samtíma framkvæmdum vegna umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu, nauðsynlegra framkvæmda veitufyrirtækja og framkvæmda annarra aðila sem liggja að áhrifasvæði fyrstu lotu Borgarlínunnar.



Brú yfir vestari ál Elliðaáa.

## Lota 2: Hamraborg-Lindir

*Staðsetning:* Lota 2, sérrými, er frá Hamraborg, með Hafnarfjarðarvegi, Fífuhvammsvegi að Hvammstorgi í Lindahverfi. Utan sérrýmis frá Hvammstorgi að Vallatorgi í Kórahverfi.

*Staða:*

- Kópavogsbær er búinn að taka ákvörðun um legu Lotu 2, frá Hamraborg niður í Lindir. Mun sérrýmið liggja með Hafnarfjarðarvegi og Fífuhvammsvegi, sjá [Skipulagsráð - 169. fundur - 02.09.2024 | Kópavogur](#).
- Skilgreining: búið að skoða plásspörf BRT kerfis fyrir leiðina og þau mannvirki sem þarf að fara um og jafnvel breyta.
- Frumdrög: Ekki er búið að bjóða út.

## Lota 3: BSÍ-Mjódd

*Staðsetning:* Lota 3, sérrými, er frá BSÍ við gömlu Hringbraut, með Miklubraut, Sæbraut og Reykjanesbraut í Mjódd. Utan sérrýmis frá Mjódd upp í Seljahverfi.

*Staða:*

- Skilgreining: búið að skoða plásspörf BRT kerfis fyrir leiðina og þau mannvirki sem þarf að fara um og jafnvel breyta.

- Frumdrög fyrir Lotu 3 um Reykjanesbraut eru tilbúin, þau eru unnin með frumdrögum fyrir mislæg gatnamót við Reykjanesbraut-Bústaðarveg. Ekki er hafin vinna við frumdrög frá Vogabyggð að BSÍ.
- Forhönnun fyrir Lotu 3 um Reykjanesbraut: Stefnt á að bjóða út í janúar 2025.
- Umhverfismatsskýrsla: Tilbúin í kynningu janúar 2025.

#### **Lota 4: Fjörður-Miklabraut**

*Staðsetning:* Lota 4, sérrými, er frá gatnamótum Miklubrautar/Kringlumýrarbrautar, eftir Kringlumýrarbraut, Hafnarfjarðarvegi og Reykjavíkurvegi inn í Fjörð í Hafnarfirði. Utan sérrýmis, frá Skerjafirði að Lotu 1 í Suðurgötu og svo frá Firði að Völlum í Hafnarfirði.

*Staða:*

- Skilgreining: Búið að skoða plásspörf BRT kerfis fyrir leiðina og þau mannvirki sem þarf að fara um og jafnvel breyta.
- Frumdrög: Fyrir lotuna eftir Hafnarfjarðarvegi frá sveitarfélagsmörkum RVK/KOP að sveitarfélagsmörkum KOP/GARD, um Hamraborg, eru að klárast.  
Vinna hafin við frumdrög eftir Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að sveitarfélagsmörkum RVK/KOP að byrja og stefnt á að klára vor 2025.

#### **Lota 5: Ártúnshöfði-Spöng**

*Staðsetning:* Lota 5, sérrými, er frá Ártúnsholti, eftir Stórhöfða, Gullinbrú, Fjallkonuvegi, Hallsvegi, Langarima, Borgarvegi að Spöng. Utan sérrýmis að Egilshöll.

*Staða:*

- Skilgreining: Búið að skoða plásspörf BRT kerfis fyrir leiðina og þau núverandi mannvirkji sem þarf að fara um og jafnvel breyta.
- Frumdrög: Ekki búið að bjóða út.

#### **Lota 6: Gullinbrú-Háholt**

*Staðsetning:* Lota 6, sérrými, er frá gatnamótum Stórhöfða/Gullinbrúar/Höfðabakka, eftir Stórhöfða, gegnum Keldur, eftir Blikastaðavegi, gegnum Blikastaðaland, eftir Baugshlíð, Skeiðholti, Langatanga, Bjarkarholti að Háholti í Mosfellsbæ.

*Staða:*

- Skilgreining: Búið að skoða plásspörf BRT kerfis fyrir leiðina og þau mannvirki sem þarf að fara um og jafnvel breyta.
- Frumdrög: Eru í gangi og er unnin samhliða þróunarvinnu rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum á grunni niðurstaðna samkeppni um Keldnaland. Áætlað er að frumdragavinnunni ljúki á vormánuðum 2025.

## 2.4 Göngu- og hjólastígar

Göngu- og hjólastígar	2019-2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035-2040	Samtals
Göngu- og hjólastígar utan Borgarlínu	2.280	1.000	500	500	500	500	500	500	500	700	700	1.000	1.200	10.400
Göngu- og hjólastígar meðfram 1. lotu Borgarlínu			200	800	800	800	800	1.600	1.600	700				7.300
Göngu- og hjólastígar meðfram 2. - 6. lotu Borgarlínu								1.200	2.000	2.700	2.500	2.500	2.700	13.600
Göngubrýr og undirgöng	456		200	200	200	200	200	200	200	200	200		700	3.200
Göngu- og hjólastígar - viðbótarstígar									800	800	700		3.100	5.400
	2.736	1.000	900	1.500	1.500	1.500	1.500	3.500	5.100	5.100	4.100	3.700	7.700	39.900

Með tilkomu Samgöngusáttmálans hófst samstarf ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við uppbyggingu stofnhjólanets höfuðborgarsvæðisins. Fyrstu framkvæmdirnar litu dagsins ljós í byrjun árs 2020. Síðan þá hafa verið byggðir um 10 km af stígum ásamt þremur undirgöngum og þremur brúm. Í framkvæmd eru um 9 km af stígum, tvö undirgöng og tvær brýr. Stór hluti þeirra framkvæmda er í tengslum við nýjan Arnarnesveg.

Verkefnastaða: Stofnhjólanet höfuðborgarsvæðisins			
Nr.	Verkefni	Forhönnun	Verkhönnun Framkvæmd
H1	Kóp Fífuhammsvegur; Lindarvegur-Uppsáir-Arnarnesvegur	Lokið	Lokið
H1	Mos Varmá-Leirvogstunga	Lokið	Lokið
H1	Rvk Eiðsgrandi og Ánanaust; Boðagrandi - Mýrargata	Lokið	Lokið
H1	Rvk Geirsgata; Lækjargata-Tryggvagata	Lokið	Lokið
H1	Rvk Bústaðarvegur undirgöng við Litluhlíð	Lokið	Lokið
H1	Rvk Bústaðarvegur Væðurstofa-Litluhlíð	Lokið	Lokið
H1	Rvk Bústaðarvegur brú yfir Kringlumýrarbraut og NV rampur	Lokið	Lokið
H1	Rvk Bústaðarvegur við Sprengisand	Lokið	Lokið
H1	Rvk Ellidaardalur - Stekkjarbakki-Arbæjarlaug	Lokið	Lokið
H1	Rvk Ellidaardalur - Arbæjarlaug-Breidholtsbraut	Lokið	Lokið
H1	Rvk Kringlum.br. frá Bústaðav að göngubr Fossvogi	Lokið	Lokið
H1	Gbr Arnarneshæð undirgöng	Lokið	Lokið
H1	Hfj Strandgata Fjörður-Vellir	Lokið	Lokið
H1	Rvk Elliðaárdalur frá Árleið að Grænagrófsbrú	Lokið	Lokið
H2	Rvk-Kóp Nýr Arnarnesvegur	Lokið	Í vinnslu
H2	Rvk Elliðaárdalur Grænagrófsbrú og stígar að Dimmu	Lokið	Í vinnslu
H2	Rvk Elliðaárdalur brú við Dimmu	Lokið	Í vinnslu
H2	Rvk Skógarhlíð	Lokið	Í vinnslu
H2	Kóp Ásbraut	Lokið	
H2	Kóp Hafnarfjarðarvegur, Kársnesháls	Lokið	
H2	Gbr Hafnarfjarðarvegur Arnarneshæð suður við undirgöng	Lokið	Í vinnslu
H2	Hfj Reykjavíkuvvegur Norðurbær-Gbr Tún	Lokið	Í vinnslu
H2	Kóp Hafnarfjarðarvegur, norðum unriganga við Arnarneshæð við Voginn í KÓP	Lokið	Í vinnslu
H2	Hfj Bæjarhraun Fjarðarhraun	Í vinnslu	

## **Arnarneshæð**

*Framkvæmdin:* Undirgöng. Ný undirgöng fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur við Arnarneshæð. Framkvæmdum lauk að mestu í lok árs 2023. Lokafrágangur kláraðist vorið 2024 og haldin var formleg opnun undirganganna í maí 2024.

*Staða:* Framkvæmdum er lokið.

## **Bústaðavegsbrú að Suðurhlíð**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar sem ná frá Bústaðavegi að Fossvogi, við Suðurhlíðar. Framkvæmdir hófust í byrjun árs 2024 og lauk haustið 2024. Haldin var formleg opnun stígsins í samgönguviku, haustið 2024.

*Staða:* Framkvæmdum er lokið.

## **Elliðaárdalur – Ný brú við Grænugróf og stígar að nýrri brú við Dimmu**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Ný hjóla og göngubrú yfir Elliðaár við Grænugróf ásamt nýjum göngustíg og hjólastíg með tengingu við fyrirbyggjandi stígakerfi í Elliðaárdal og nýjar stígateiningar við stofnstíga sem eru hluti af stígakerfi við Dimmu. Framkvæmdir hófust vorið 2024.

*Staða:* Framkvæmdum er lokið í bili, sett var bráðabirgða handrið við brú en endanlegt handrið verður sett vorið 2025 og þá mun einnig lokafrágangur fara fram.

## **Skógarhlíð**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýr göngu- og hjólastígur meðfram Skógarhlíð.

*Staða* Framkvæmdir hófust haustið 2024, tafir urðu á framkvæmdum vegna viðræðna Reykjavíkurborgar við lóðarhafa og samningsgerðar vegna lóðabreytinga. Stefnt er á að framkvæmdum ljúki vorið 2025.

## **Elliðaárdalur - Dimma**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Göngu og hjólastígur ásamt brú yfir Elliðaár.

*Staða* Hluti af verkamningi Arnarnesvegjar. Langt á veg komið, klárast vorið 2025.

## **Stofnstígar með Arnarnesvegi**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram nýjum Arnarnesvegi, nýrri brú yfir Arnarnesveg ásamt tveimur nýjum undirgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

*Staða* Hluti af verkamningi Arnarnesvegjar.

## **Ásbraut**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýr hjólastígur meðfram Ásbraut, frá Kársnesbraut að Hamraborg.

*Staða* Verkhönnun er lokið en framkvæmdir bíða vegna skipulagsmála.

## Kópavogsháls, Hamraborg – göngustígur við Kópavogsdal

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Aðskilnaður á göngu- og hjólastígum.  
*Staða* Verkhönnun lokið en framkvæmdum frestað vegna skipulagsmála. Stefnt er að framkvæmdum vorið 2025.

## Hafnarfjarðarvegur Tún

*Framkvæmdin* Stígur frá syðri gangnamunna Arnarnesganga að Vífilstaðavegi.  
*Staða* Í verkhönnun. Stefnt á framkvæmdarútboð í byrjun árs 2025.

## Hafnarfjarðarvegur, Norðurbær

*Framkvæmdin* Stígur frá Breiðási í Garðabæ að Suðurvangi í Hafnarfirði.  
*Staða* Í verkhönnun. Stefnt er á framkvæmdarútboð í byrjun árs 2025.

## Hafnarfjarðarvegur í vogi Kópavogs

*Framkvæmd* Frá undurgöngum á Kársnesstíg að gangnamunna Arnarnes undirganga.  
*Staða* Forhönnun lokið.



Ný brú fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, í Elliðaárdal við Grænugróf, í uppbyggingu.

## 2.5 Öryggi og flæði

Umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir	2019-2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035-2040	Samtals
Umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir	1.590	300	500	500	500	500	500	600	700	600	600		3.100	10.000
	1.590	300	500	500	500	500	500	600	700	600	600		3.100	10.000


Í framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans er gert ráð fyrir fjármagni í sameiginlegan útgjaldalið *umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir*. Fjármagn þessa liðar er nýtt í ljósastýringar, smærri framkvæmdir á stofnvegum til að bæta flæði og öryggi og smærri framkvæmdir vegna almenningsgangna.

### 2.5.1 Umferðarstýringar

Yfir tvö hundruð umferðarljós eru á höfuðborgarsvæðinu. Alls eru ljósastýringar á tæplega 90 gatnamótum og göngupverunum í sameign Vegagerðarinnar og viðkomandi sveitarfélags þar sem þjóðvegur og sveitarfélagsgata eða gönguleið mætast. Betri samgöngum er ætlað að fjármagna endurnýjun og uppsetningu umferðarljósabúnaðar og innleiðingu nýrra tæknilausna á þessum stöðum sem eru á umferðarmestu stofn- og tengibrautum höfuðborgarsvæðisins og gegna lykilhlutverki í samgöngum milli sveitarfélaga og stærri hverfa.

Samstarfshópur Vegagerðarinnar og SSH vinnur að úrbótum í samræmi við aðgerðaáætlun í ljósastýringarmálum frá 2021, skilgreindum markmiðum og mælikvörðum fyrir hönnun, rekstur og viðhald umferðarljósastýringa og niðurstöðum úttekta á stöðu búnaðar og stýringa. Stöðugt er unnið að endurnýjun tækja- og hugbúnaðar til að nýta nýja tækni og auka möguleika á sem bestri virkni á hverjum tíma.

Á korti hér að neðan má sjá ljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu og hvar umferðarljósabúnaður hefur verið endurnýjaður síðustu ár.



Á árinu 2024 var farið í ítarlega yfirferð og greiningu á umferðarljósastýringum á um 70 gatnamótum og unnu sérfræðiráðgjafar tillögur til úrbóta á uppfærslu stýringa á hverjum stað fyrir sig með það að markmiði að tryggja umferðaröryggi, lágmarka mengun og bæta flæði. Innleiðing þeirra úrbóta er hafin.

## 2.5.2 Umferðarflæði og öryggisaðgerðir

Auk ofangreindra endurnýjunar- og umbótaverkefna í umferðarljósastýringum er fjármagni Samgöngusáttmálans af þessum fjárfestingalið varið í smærri framkvæmdir til að bæta flæði og öryggi

Smærri verkefni til að bæta flæði og öryggi og almenningssamgöngur á stofnvegum eru unnin jafnt og þétt eftir þörfum. Dæmi um verkefni síðustu ára eru lenging beygjuvasa og aðrar breytingar á gatnamótum Reykjanesbrautar við Bústaðaveg og Sæbraut við Kleppsmýrarveg / Skeiðarvog. Endurbætur á gatnamótum á Seltjarnarnesi, Garðabæ og í Reykjavík, bætt umferðaröryggi við gönguþveranir, uppsetning vegriða og nýjar strætóstöðvar fyrir almenningssamgöngur á Bústaðavegi við Hlíðarenda og á Kringlumýrarbraut í Fossvogi.

Verkefnastaða: Flæðisbætandi aðgerðir			
Verkefni	Staðsetning	Athugasemd	Annað
Endurbætur við gatnamót	Suðurströnd/Nesvegur	Lokið	Lokið
Endurbætur við gatnamót	Hringbraut/Hofsvallagata	Lokið	Lokið
Endurnýjun gatnamóta	Álftanesvegur/Garðahraunsvegur	Lokið	Lokið
Bannsvæði tekið út	Reykjanebraut	Lokið	Lokið
Lenging vinstribeygjuvasa	Reykjanebrautu við Bústaðaveg	Lokið	Lokið
Lenging vinstribeygjuvasa	Sæbratur við Skeiðarvog	Lokið	Lokið
Strætóvasi	Bústaðavegur við Hlíðarenda	Lokið	Lokið
Strætóstöðvar	Hafnarfjarðarvegur við Fossvog	Lokið	Lokið
Strætórein	Kringlumýrarbraut	Í vinnslu	
Endurbætur við hringtorg	Arnarnesvegur við Fífuhammsveg	Í vinnslu	
Hringtorg og hægri inn, hægri út	Arnarnesvegur við Salaveg	Í vinnslu	



Nýjar strætóstöðvar við Fossvog.

Verkefnastaða: Vegrið			
Verkefni	Staðsetning	Undirbúningur	Framkvæmd
Lengja vegrið	Arnarnesvegur við Salarskóla, við undirgöng	Lokið	Lokið
Lengja vegrið	Reykjanesbraut til Suðurs (41-12_800)	Lokið	Lokið
Vegrið við gönguleið	Brú yfir Reykjanesbraut, Kaupún	Lokið	Lokið
Vegrið við gönguleið	Brú yfir Reykjanesbraut, Vífilstaðavegur	Lokið	Lokið
Nýtt miðjuvegrið	Sæbraut - miðjuvegrið, frá Kringlumýrarbraut að Súðarvogi	Lokið	Lokið
Nýr tvöfaldur öryggisendi og vegrið	Nesbraut við innkeyrslu á Reykjanesbraut við gömlu Elliðaárbrúna.	Lokið	Lokið
Kantvegrið við stíg	Sæbraut frá Sundagörðum að Laugarnestanga	Lokið	Í vinnslu
Nýtt miðjuvegrið	Reykjanesbraut á milli Arnarnesvegur og Vífilstaðavegar	Í vinnslu	
Kantvegrið austan vegar	Suðurlandsvegur við Rauðavatn	Í vinnslu	



Vegrið við gangstétt á brú við Kaupún yfir Reykjanesbraut.

Verkefnisstaða: Öryggisaðgerðir			
Verkefni	Staðsetning	Undirbúningur	Framkvæmd
Uppsetning netagiðringar í stað teinagiðringa	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Uppsetning einstaka skilta	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Auka sjónlengdir með því að fjarlægja gróður	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Endurnýjun miðeyja, upphækkuð gangbraut, bætt lýsing	Sæbraut/Skeiðarvogur	Lokið	Lokið
Endurbætur við göngubveranir	Hallsvegur	Lokið	Lokið
Göngubveranir, endurbætur	Ánanaust og Eiðsgrandi	Lokið og	Lokið
Endurnýjun miðeyja, upphækkuð gangbraut, bætt lýsing	Kringlumýrarbraut/Miklabraut	Lokið	Lokið
Göngubveranir, endurbætur	Arnamesvegur við Fífuhvammsveg	Lokið	Lokið
Vegrið við gangstéttar á brúm	Kaupún og Vífilstaðavegur við Reykjanesbraut	Lokið	Lokið
Bættar göngubveranir	4 staðir í Hafnarfirði	Lokið	Í vinnslu
Endurnýjun miðeyja, upphækkuð gangbraut, bætt lýsing	Njarðargata/Hringbraut	Í vinnslu	
Göngubveranir, endurbætur	Njarðargata við Sturlugötu	Í vinnslu	
Endurhönnun	Nýbýlavegur	Í vinnslu	
Undirgöng fyrir gangandi vegfarendur	Flóttamannaleið við Urriðaholt	Í vinnslu	
Endurnýjun miðeyja, upphækkuð gangbraut, bætt lýsing	Grensásvegur/Miklabraut	Í vinnslu	




Fyrir breytingar



Eftir breytingar

Endurbætur á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Merktar gangbrautir á upphækkun við framhjáhlaup, endurbætur á miðeyju við framhjáhlaup og bætt lýsing gönguleiða við gatnamótin.



Endurbætur göngubverunar við Ánanaust í Reykjavík.

## 3. Fjármögnun

### 3.1 Keldnalandið

Fyrirtækinu var falið að annast þróun og sölu lands að Keldum með Samgöngusáttmálanum. Allur ábati af þróun og sölu landsins mun renna óskertur til uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í Samgöngusáttmálanum var ákveðið að flýta uppbyggingu framtíðarhverfis að Keldum sem og framkvæmdum við Borgarlínuna sem fara á um hverfið endilangt. Frá miðju ári 2021 hefur fyrirtækið í samstarfi við Reykjavíkurborgar látið vinna undirbúningsrannsóknir og grunngreiningar fyrir skipulagsgerð. Í desember 2022 gengu ríkissjóður og Betri samgöngur frá samningi sín á milli um að félagið taki við landsvæðinu við Keldur og Keldnaholt ásamt þeim réttindum og skyldum sem því tengjast.

Alþjóðlegri samkeppni um þróunar- og uppbyggingaráætlun fyrir svæðið lauk haustið 2023. Nú stendur yfir vinna við frekar undirbúning rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum á grunni niðurstaðna samkeppninnar. Verklýsing skipulagsgerðar og umhverfismats fyrir rammahluta aðalskipulags var kynnt í september 2024 og drög að tillögu eiga að liggja fyrir í mars 2025. Stefnt er að því að fyrstu skipulagsáætlanir fyrir svæðið verði staðfestar árið 2026 og í húsnaðisáætlun Reykjavíkurborgar 2024-2033 er gert ráð fyrir að úthlutun byggingarhæfra lóða fyrir íbúðarhúsnaði á Keldnalandi hefjist árið 2028. Skipulagningu og uppbyggingu verður skipt í minni áfanga, enda ljóst að svo stórt og fjölmennt hverfi verður í uppbyggingu langt fram á næsta áratug. Svæðið í heild er um 115 hektarar og vinningstillagan gerir ráð fyrir að þar risi 3-5 hæða byggð fyrir um 12 þús. íbúa og 8 þús. störf með þremur Borgarlínustöðvum.



Tölvugerð loftmynd af Keldnalandi.



Tölvugerð mynd af fjölbreyttri byggð í Keldnalandi.

### 3.2 Flýti- og umferðargjöld

Í Samgöngusáttmálanum og lögum um félagið er kveðið á um að Betri samgöngur eigi að innheimta flýti- og umferðargjöld, verði ákveðið með lögum að leggja slík gjöld á. Í sáttmálanum frá árinu 2019 var að því stefnt að þessi gjaldtaka fyrir akstur á milli skilgreindra svæða eða önnur fjármögnun ríkisins stæði undir helmingi heildarfjárfestingar. Tekjur af gjaldtökunni yrðu að fullu nýttar í samgönguuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Gjaldtaka í samgöngum er að breytast með breyttum orkugjöfum bifreiða og aukinni þekkingu á ytri kostnaði samgangna. Unnið er að heildstæðri endurskoðun á gjaldtöku af ökutækjum og umferð, undirbúningi gjaldtöku til fjármögnunar á einstökum þáttum samgönguinnviða ásamt greiningum á svæðisbundinni gjaldtöku eins og flýti- og umferðargjöldum.

Betri samgöngur hófu haustið 2021 skoðun á mögulegum útfærslum flýti- og umferðargjalda í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti, innviðaráðuneyti og SSH. Fjármála- og efnahagsráðuneytið og innviðaráðuneyti hafa sett á fót verkefnastofu sem vinnur að mótun tillagna um nýtt fyrirkomulag tekna af vegasamgöngum til framtíðar og munu Betri samgöngur vinna áfram með verkefnastofnunni að skoðun á flýti- og umferðargjöldum.

Í uppfærðum Samgöngusáttmála er gert ráð fyrir að flýti- og umferðargjöld, eða aðrar fjármögnunarleiðir ríkisins, skili alls um 143 ma.kr. frá og með árinu 2030 og að gjaldtakan geti staðið undir skuldbindingum sem eftir kunna að standa við árslok 2040.

### 3.3 Lántökur

Fyrirtækið hefur heimildir til lántöku til að tryggja viðunandi sjóðstreymi og jafna út misræmi á milli fjárfestinga annars vegar og tekna hins vegar eftir árum. Skv. 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu er fyrirtækinu heimilt að taka lán umfram það sem fjármagnað er með framlögum til fyrirtækisins, rúmist það innan heildarfjárfestingar og sé metið hagkvæmt fyrir framgang uppbyggingar samgönguinnviða og annarra verkefna þess. Skv. 2. málslíð er lántaka háð því skilyrði að ríkissjóður veiti lán eða ríkisábyrgð verði lán tekið frá öðrum aðila.

Viðræður við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka Íslands, fyrir hönd Endurlána ríkissjóðs, um lánasamninga voru langt komnar þegar ákveðið var að hefja uppfærslu Samgöngusáttmálans. Drög að samningum sem aðilar voru búnir að koma sér saman um lágu þá fyrir. Reikna má með að gengið verði frá þeim nú þegar vinnu við uppfærslu sáttmálans er lokið og ný fjárflæðisáætlun liggur fyrir.

## 4. Innri mál


### 4.1 Aðalfundur og stjórn

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir annan og fjórða fimmtudag í hverjum mánuði og stjórn hefur alls haldið 95 fundi. Næsti aðalfundur Betri samgangna verður væntanlega haldinn í apríl 2025.

### 4.2 Starfsfólk og skipurit

Starfsmenn Betri samgangna hafa verið þrjú síðastliðin ár: Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri, Þorsteinn R. Hermannsson forstöðumaður þróunar og Þröstur Guðmundsson, forstöðumaður verkefna og áætlana.

Með uppfærslu Samgöngusáttmálans í ágúst 2024, auknu umfangi verkefna fyrirtækisins og tilfærslu lykil verkefna eins og Borgarlínu og hjóla- og göngustíga frá Vegagerðinni fjölgaði starfsmönnum um sjö talsins. Atli Björn Levy forstöðumaður verkefnastofu Borgarlínu, Hallbjörn Reynir Hallbjörnsson sérfræðingur á verkefnastofu Borgarlínunnar, Katrín Halldórsdóttir forstöðumaður göngu- og hjólastíga, Rakel Þorbergsdóttir samskiptastjóri, Sigurður Snædal Júlíusson verkefnastjóri innkaupa, Þóra Kjarval verkefnastjóri skipulagsmála og Þórey G. Guðmundsdóttir fjármálastjóri. Þá er Þorsteinn R. Hermannsson nú aðstoðarframkvæmdastjóri. Sjá nánar í nýju skipuriti hér að neðan.







BETRI  
SAMGÖNGUR

Borgartúni 26  
105 Reykjavík

[betrisamgongur.is](http://betrisamgongur.is)